



Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa um biðaðstöðu í skiptistöðinni í Mjódd - Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Á fundi borgarráðs 2. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um biðaðstöðu strætisvagnafarþega í skiptistöðinni í Mjódd

„Borgarráð beinir því til stjórnar Strætó bs. að biðaðstaða strætisvagnafarþega í skiptistöðinni í Mjódd verði bætt sem fyrst og hún gerð þægilegri en nú er. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Lagt er til að umbætur verði gerðar á stöðinni þar sem að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir: 1. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Sætum verði fjölgað og þau sem fyrir eru verði lögð. 3. Salerni biðstöðvarinnar verði opnuð almenningi að nýju.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Í dag er rekstur biðstöðvar í Mjódd í höndum Strætó bs. en Reykjavíkurborg leggur til húsnaðið. Unnið hefur verið að breytingum á rekstri biðstöðvanna bæði við Hlemm og í Mjódd þar sem hugmyndirnar ganga út á að útvista rekstri þeirra og tengja hann öðrum rekstri í húsnaðinu. Slíkar breytingar eru nú langt komnar á Hlemmi.

Á sínum tíma var unnin hugmyndasamkeppni að breytingum á húsnaði biðstöðvarinnar í Mjódd samhliða hugmyndum um breytingar á Hlemmi. Voru þær hugmyndir sem bárust kynntar í borgarráði á sínum tíma. Í kjölfar þeirrar hugmyndasamkeppni var síðan auglýst eftir áhugasömum sem vildu taka að sér rekstur biðstöðvarinnar í tengslum við annan rekstur. Var þetta gert samhliða auglýsingu um Hlemm. Enginn sótti um að koma að rekstri biðstöðvar í Mjódd.

Að undanfögnu hefur verið til skoðunar að færa skrifstofur Strætó bs. í Hesthál og færa Þjónustumiðstöð Breiðholts í húsnaðið í Þönglabakka 4 og selja húsnaðið í Álfabakka 12. Í tengslum við undirbúning á flutningi þjónustumiðstöðvarinnar hafa verið ræddar hugmyndir um einhvers konar samnýtingu neðstu hæðarinnar fyrir farþega Strætó og gesti þjónustumiðstöðvar. En einnig er enn unnið að hugmyndum um að fá nýja rekstraraðila inn í rýmið. Í ljósi þessarar stöðu hefur ekki verið talið ráðlegt að ráðast í miklar breytingar á biðstöðinni frá því sem nú er. Þá er það sameiginlegt mat skrifstofunnar og framkvæmdastjóra Strætó bs. að ekki sé brýn þörf á breytingum á biðaðstöðu farþega Strætó í Mjódd einni sér frá því sem nú er.

Hrólfur Jónsson

